

**Sp. 406. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]**

um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Sverrir Sveinsson, Jón Sveinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að haldin verði alþjóðleg ráðstefna hér á landi um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Tilgangur ráðstefnunnar verði að kynna viðhorf Íslendinga til hins geigvænlega kjarnorkuvígbúnaðar sem nú fer fram í hafinu í kringum Ísland og þá afstöðu Íslendinga að þeir telja tilveru þjóðar sinnar ógnað með þeirri stefnu sem þessi mál hafa verið og eru að taka.

Á ráðstefnunni verði ítarlega kynnt þau sjónarmið Íslendinga að þeir geti með engu móti unað þeirri þróun mála að kjarnorkuveldin freisti þess að tryggja eigin hag með því að fjölga kafbátum búnum kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland.

Til ráðstefnunnar verði boðaðir fulltrúar þeirra þjóða sem ráða yfir kjarnorkuvopnum og þeirra ríkja sem liggja að Norður-Atlantshafi.

**Greinargerð.**

Á 104. löggjafarþingi fluttu Guðmundur G. Þórarinnsson og nokkrir aðrir þingmenn Framsóknarflokksins tillögu til þingsályktunar samhljóða þeirri tillögu sem hér er flutt um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á N-Atlantshafi.

Mælt var fyrir tillögunni og henni vísað til nefndar en fullnaðarafgreiðslu varð ekki lokið á því þingi og þykir flutningsmönnum því rétt að endurflytja tillöguna nú.

Þótt þrjú ár séu nú liðin frá því tillagan var fyrst lögð fram hefur ekkert það gerst á sviði afvopnunar í heiminum er dregur úr tilefni þess að halda ráðstefnu svo sem tillagan gerir ráð fyrir, heldur þvert á móti. Vígbúnaðarkapphlaupið er í fullum gangi, framleiðsla kjarnorkuvopna heldur áfram og er þeim komið fyrir á nýjum og nýjum stöðum þrátt fyrir ötula baráttu þeirra afla í heiminum sem af alhug og heilindum vilja frið og berjast fyrir afvopnun og banni við vopnaframleiðslu.

Aukin andstaða gegn framleiðslu og uppsetningu nýrra kjarnorkuvopna hefur jafnvel leitt til þess að leiðtogar stórveldanna, sem ráða yfir slíkum vopnum, hafa látið að því liggja að kjarnorkuvígbúnaðurinn í hafinu hljóti að aukast af þessum orsökum. Er það alvarleg tíðindi, ekki síst fyrir okkur Íslendinga.

Með tillögunni fylgdi á sínum tíma greinargerð með rökstuðningi sem enn er í fullu gildi og er hún því endurprentuð hér óbreytt.

„Vígíbúnaðarkapphlaup risaveldanna virðist vera að taka nýja stefnu. Risavaxnar áætlanir um aukningu kjarnorkuvopna og ný kjarnorkuvopnakerfi eru bæði til umræðu og á ákvarðanastigi. Þar er meðal annars um að ræða ný eldflaugakerfi búin kjarnaoddum í Evrópu báðum megin járntjalds, smíði nifteindasprengju og nýjar eldflaugar, búnar kjarnaoddum sem fljúga heimsálfa á milli og hitta mark sitt með ótrúlegri nákvæmni. Umræður snúast einnig um hugsanlega hernaðarlega notkun geimsins.

Þessi þróun mála hefur vakið fólk um allan heim til umhugsunar um þá hættu sem mannkyninu stafar af helvopnum kjarnorkunnar.

Víða um lönd hafa verið settar á stofn friðarhreyfingar og á Norðurlöndum snýst umræðan um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í Bandaríkjunum hafa sum ríkin snúist öndverð gegn uppsetningu nýrra kjarnorkuvopna á sínu landi. Ástæðan er ekki hvað síst sú að vopnin eru sjálf skotmörk í kjarnorkustríði.

Í Bandaríkjunum virðast þær raddir verða æ sterkari að styrkja verði varnir ríkisins með því að fjölga kaþbátum búnum kjarnorkuvopnum. Með því móti einu sé unnt að loka þeim „glugga“ sem opin er fyrir kjarnorkuárás frá Sovétríkjunum.

Ákvörðun í þessa átt mun leiða til fjölgunar kaþbáta búinna kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland.

Talið er að í hafinu við Ísland sé gífurlegur fjöldi sovéskra kaþbáta sem búnir eru kjarnorkuvopnum.

Strand sovéska kaþbátsins við Svíþjóð, þar sem kjarnorkuvopn voru um borð í 30 ára gömlum kaþbát, hefur vakið menn til umhugsunar um að sennilega erum við umkringd kjarnorkuvopnum í miklu ríkara mæli en menn óraði fyrir.

Sumir talsmenn kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum benda á að vel megi gera þetta svæði kjarnorkuvopnalaust, en auka þá varnir með kjarnorkuvopnuðum kaþbátum í Atlantshafi, væntanlega við Ísland.

Ýmsir áhrifamenn í Evrópu reyna nú að koma í veg fyrir að sett verði upp ný eldflaugakerfi í Evrópulöndum, en benda á þann möguleika að auka þess í stað varnir með kjarnorkuvopnuðum kaþbátum í Atlantshafi, væntanlega við Ísland.

Öll þessi þróun mála bendir til að á næstu árum muni kjarnorkuvígíbúnaðurinn aukast í hafinu við Ísland, og hugsanlegt er að meginþunginn verði lagður einmitt á svæðið í Norður-Atlantshafi.

Orsök þessa er ekki hvað síst sú að löndin vilja ekki staðsetja þessi vopn hjá sér.

Íslendingar hljóta að mótmæla þessari þróun mála.

Staðsetning kjarnorkuvopna í hafinu við Ísland ógnar tilvist þjóðarinnar, að ekki sé talað um að meginþungi kjarnorkuvígíbúnaðarkapphlaupsins færast yfir í hafið hér við land.

Fyrir nokkrum árum vakti Þórarinn Þórarinsson ritstjóri Tímans máls á því að Íslendingar ættu að boða til ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi. Þörfin fyrir umræðu um friðlýsingu Norður-Atlantshafsins verður æ brýnni. Hafi Íslendingar ekki frumkvæði í því efni munu tæpast aðrir gera það eins og málum er háttað.

Íslendingar eiga að leita samvinnu við þau ríki, sem land eiga að Norður-Atlantshafi, um slíka ráðstefnu.

Þeir, sem að þessari þingsályktunartillögu standa, eru ekki þeirrar skoðunar að ráðstefna um þessi mál muni leiða til neins skjótfengins árangurs. Í því sambandi má líta til annarra afvopunarviðræðna.

Hins vegar er kjarnorkuvígíbúnaðurinn orðinn slíkur að hann er ekkert einkamál risaveldanna. Hann er mál alls mannkynsins. Smáþjóðirnar verða að taka höndum saman og knýja risaveldin til afvopunar.

Tilveru Íslendinga er stefnt í voða með þeirri stefnu sem þessi mál eru að taka. Árás á kjarnorkuvopnaðan kaþbát við Ísland gæti valdið geislun sem mundi skaða fiskimiðin við landið, og hvernig væri unnt að lifa hér ef ekki væri unnt að selja fiskinn?

Íslendingar verða því á málþingi þjóðanna að hefja máls á afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Þótt ekki sé von um skjótfenginn árangur er fyrsta atriðið að kynna viðhorf okkar til þessa máls og fá þau viðurkennd. Síðan holar dropinn steinninn.

Íslendingar hafa unnið frelsi sitt úr höndum mun stærri þjóðar með röksemdum, ræðuhöldum, fundarhöldum og samningum. Þeir hafa einnig unnið rétt sinn yfir aukinni fiskveiðilögsögu á sama hátt.

Sporin eiga því ekki að hræða. Íslendingar áttu aldrei neinn Kossuth eða Garibaldi sem geystust fram með sverð sitt og vopnaða liðsmenn í frelsisbaráttunni. Þeir áttu sinn Jón Sigurðsson og aðra slíka málafylgjumenn sem með elju, þekkingu og festu börðust fyrir málstað þjóðarinnar áratugum saman og unnu að lokum fullan sigur.

Nú stendur fyrir dyrum ný barátta, ný landhelgisbarátta. Tilveru Íslendinga er ógnað með gifurlegum kjarnorkuvígbúnaði í hafinu við landið.

Á málþingi þjóðanna verða Íslendingar enn á ný að kveðja sér hljóðs og krefjast öryggis fyrir þjóð sína.

Enn á ný verður að beita rökum, ræðuhöldum, fundarhöldum og samningum.

Málstaðurinn, málstaður lífsins, hlýtur að sigra.

Frumkvæði Íslendinga í þessu máli mun vekja athygli um allan heim og með því leggja þeir sitt lóð á vogarskálina í átt að afvopnun.

Hér er þeirri framtíðarsýn varpað fram að á Norður-Atlantshafi fari fram alþjóðlegt eftirlit. Slíkt eftirlit væri í höndum alþjóðastofnunar er veitti öllum, er eftir óskuðu, upplýsingar um ferðir kafbáta, herskipa og annarra flutningatækja kjarnorkuvopna.

Eftirlitsstöðvar gætu hæglega verið á Íslandi og eðlilegt að Íslendingar tækju verulegan þátt í eftirlitinu, enda eiga þeir mest í húfi.

Kostnaður við eftirlitið yrði að greiðast af alþjóðastofnun.

Flest bendir til að eftirlit í Norður-Atlantshafi verði mun auðveldara á næstu árum en verið hefur. Með auknum geimferðum verður komið upp gervihnattakerfi sem getur kortlagt allar auðlindir jarðar. Með innrauðri myndun má finna kafbáta í hafinu og senda boð um ferðir þeirra til eftirlitsstöðvar.

Ekki er ástæða til að fara ítarlegar í þessari greinargerð út í stöðu vígbúnaðar á Norður-Atlantshafi.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að Íslendingar hafi frumkvæði að umræðu um þá alvarlegu framtíðarsýn sem blasir við með stóraukningu helvopna kjarnorkunnar í hafinu við landið.

Flutningsmenn hugsa sér markmið ráðstefnunnar að opna umræðuna um friðlýsingu Norður-Atlantshafs í áföngum. Áfangarnir gætu verið:

- 1) Þegar í stað verði stöðvuð frekari aukning kjarnorkuvopna í Norður-Atlantshafi.
- 2) Dregið verði úr kjarnorkuvígbúnaði á Norður-Atlantshafi með áveðnum tímasettum áföngum.
- 3) Norður-Atlantshaf verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði.
- 4) Alþjóðastofnun annist eftirlit með kafbátum og öðrum flutningatækjum sem gætu borið kjarnorkuvopn. Eftirlitsstöðvar gætu verið á Íslandi og Íslendingar annast eftirlit í talsverðum mæli, enda eiga þeir mest í húfi.

Kostnaður við eftirlit verði greiddur af alþjóðastofnun og niðurstöður eftirlitsstöðva tilkynntar reglulega alþjóðastofnun sem veiti öllum er óska upplýsingar varðandi eftirlitið.“